



ERINDISBRÉF

Starfshóps um starfsemi Vinjar

Ábyrgð: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Markmið og hlutverk:

Vinna áfram með samantekt starfshóps frá árinu 2021 með hliðsjón af svohljóðandi tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn 6. desember sl.:

Tillaga um Vin dagsetur. Lagt er til að Vin dagsetur verði lagt af en markhópi þjónustunnar mætt með öðru móti á félagsmiðstöðvum borgarinnar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók við rekstri Vinjar dagseturs í júlí 2022 en Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu hafði rekið það áður með samningi við Reykjavíkurborg. Rauði krossinn ákvað að hætta rekstrinum. Vin er dagsetur fyrir fólk með geðraskanir og er helsta hlutverk Vinjar að draga úr félagslegri einangrun og skapa vinalagt umhverfi fyrir gesti setursins. Þjónusta til að koma til móts við félagsstarf verður útfærð í samráði við Geðhjálp.

Í framhaldi af vinnu ofangreinds starfshóps var eftirfarandi tillaga þáverandi sviðsstjóra velferðarsviðs samþykkt í velferðarráði 19. maí 2021:

Lagt er til að þjónustumiðstöð Miðborgar, Vesturbæjar og Hlíða yfirtaki rekstur Vinjar á Hverfisgötu og vinni að því að samþætta félagsstarfið í Vin við rekstur félagsmiðstöðva annarsstaðar í borginni. Starfið í Vin verði hluti þeirrar endurskoðunar sem fram fer á félagsstarfi velferðarsviðs en í Reykjavík eru reknar 17 félagsmiðstöðvar. Ljóst er að slík útfærsla hefði minnst áhrif á fastagesti Vinjar.

Samkvæmt þjónustusamningi er áætlaður kostnaður við rekstur Vinjar kr. 46 m.kr. á ári. Ef velferðarsvið tekur reksturinn yfir rúmast kostnaður innan fjárheimilda.

Verkefni starfshóps:

- Ljúka þeirri vinnu sem fara átti fram í kjölfar tillögu sviðsstjóra frá maí 2021 og sem tafðist vegna Covid-19.
- Móta tillögur og leggja inn í stýrihóp um mótun virknistefnu en eitt af verkefnum þess hóps er að kortleggja virkniúrræði velferðarsviðs og meta hvort og hvernig þau endurspegla þarfar tiltekinna einstaklinga og hópa ásamt því að kortleggja húsakynni og starfsemi félagsmiðstöðva velferðarsviðs og skoða hvort þau henti sem samfélagshús og koma jafnframt með tillögur um framtíðarnýtingu húsnaðis sem nú er nýtt undir félagsstarf, en hentar ekki undir slíka starfsemi.

Starfshópin skipa:

Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri
Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri
Fulltrúi ÖBÍ
Fulltrúi Geðhjálp
Fulltrúi notenda

Vinnutilhögun:

Hópstjóri kallar aðila saman til fundar í janúar. Kynnir samantekt starfshóps frá 2021 og tillögu þá er samþykkt var í borgarstjórn 6. desember sl. Starfshópurinn móti tillögur sem sendar verða stýrihópi um mótun virknistefnu enda fellur starfsemi Vinjar vel að þeim verkefnum sem stýrihópnum er ætlað að vinna með.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa notendasamráð að leiðarljósi.

Starfstími:

Janúar 2023 – mars 2023.

Reykjavík, 11. janúar 2023

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri